


Hraðhleðslustöð á Garðatorgi – mál 1612021

Minnisblað

Garðabær fékk í janúar 2017 styrk frá Orkusjóði til uppsetningar á hraðhleðslustöð fyrir rafbíla á Garðatorg í Garðabæ. Styrkurinn hljóðar uppá 3.260.000 kr. og er ætlað að nema 50% af raunkostnaði við kaup og uppsetningu stöðvarinnar. Einnig fékk Garðabær gefins hæghleðslustöð frá Orkusölunni ehf, sem á eftir að koma fyrir.

Garðabær hefur fengið kynningu og tilboð frá fjórum aðilum í hraðhleðslustöðina og þjónustu, en það eru Hleðsla ehf, Leiðir verkfræðistofa, ON og Ísorka (Íslenska Gámafélagið). Tilboðin eru nokkuð áþekk hvað varðar kaup á hleðslustöð eða í kringum 4 milljónir. Þjónustuliðurinn hefur verið nokkuð flóknari þar sem söluaðilar eru enn að móta hvernig þjónustu við hleðslustöðvar sé best háttað.

Samráð var við Landslag ehf og THG arkitekta varðandi staðsetningu og umgjörð stöðvarinnar á Garðatorgi. Tillagan er að setja hana upp móts við lyftuhús, ofan við tröppur að bílakjallara, sjá rauðan punkt á mynd, þar yrðu þrjú bílastæði auðkennd fyrir hleðslustöðina. Klasa hf var einnig kynnt málið.



Út frá þeim gögnum sem við höfum aflað mælum við með að kaupa hraðhleðslustöð, uppsetningu og þjónustu frá Hleðsla ehf. Þeir eru í samstarfið við Rafmiðlun um uppsetningu og þjónustu við stöðina. Stöðin sem þeir bjóða uppá er frá Garo sem er sænskt fyrirtæki og eitt stærsta fyrirtækið í hraðhleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla í Skandinavíu. Auk þess er Hleðsla með greiðslu og upplýsingakerfi frá Fortum sem er finnskt fyrirtæki og sérhæfir sig í greiðslu og upplýsingalausnum fyrir rafbíla og reka stærsta hraðhleðslustöðvakerfi í Skandinavíu.

Samningur við Hleðslu ehf yrði gerður til 3 ára og er þá rekstur og orkusalan alfarið á þeirra höndum.

Við teljum það ekki verkefninu til framdráttar að setja það í útboð þar sem stöðvar og þjónustufyrirkomulag eru mismunandi milli söluaðila.

Áætlaður kostnaður við hraðhleðslustöðina án vsk:

Hleðslustöðin (m.v. þriggja ára samning)	2.800.000
Uppsetning og aukabúnaður	3.500.000
Heimtaug frá rafveitu	500.000
Samtals	6.800.000 kr

Guðbjörg Brá Gísladóttir
Erla Bil Bjarnadóttir